

# ÁTJÁN BARNNA FAÐIR Í ÁLFHEIMUM



Það var á bæ einum um sumar að fólk allt var á engjum nema húsfreyja; hún var heima og gætti bæjar með syni sínum á þriðja eða fjórða árinu. Sveinn þessi hafði vaxið og vel dafnað til þess tíma; altalandi var hann orðinn, skýr og efnisbarn eitthvert hið mesta. En með því konan átti um ýmis bæjarstörf að annast auk sveinsins varð hún að víkja sér frá honum litla hríð og fór út í læk er var skammt frá bænum að þvo mjólkurtrogin.

Skildi hún barnið eftir á meðan í bæjardyrnum og segir ekki af því fyrr en konan kom aftur eftir drukklanga stund. Þegar hún yrðir á það hrín það og æpir illilegar og ámáttlegar en hún átti von á því áður var barnið mesta spektarborn, þýðlynt og þægt. En nú fær hún ekki af því nema óhljóð ein og illhrinur.

Líður svo nokkuð hér frá að barnið mælir ekki orð frá munni en var ákaflega keipótt og rellið svo konan kunni ekkert lag á þessum háttaskiptum; það vex og ekki og lætur fíflslega mjög. Konan varð mjög angruð af þessu og tekur það ráð að hún fer að hitta grannkonu sína er þótti vera hyggin og margfróð og segir henni frá hörmum þeim sem sig hafi hent. Konan innir hana grannt eftir hvað langt sé síðan að barnið

hafi tekið þessa fásinnu og hvernig hún ætli það hafi atvikast. Móðir sveinsins segir henni allt af léttu eins og gengið hafði.

Þegar grannkonan hin fróða hafði heyrt alla málavöxtu segir hún:

„Heldurðu ekki, góðin mín, að um hann hafi skipt meðan þú gekkst frá honum í bæjardyrnum?“

„Ég veit ekki,“ segir hún, „eða geturðu ekki kennt mér ráð til að komast eftir því?“

„Það mun ég geta,“ segir konan; „skaltu einhvern tíma skilja barnið eftir eitt saman og láta einhverja nýlundu bera fyrir það og mun það þá eitthvað mæla er það sér engan í kringum sig. En þú skalt hlera til og vita hvað því verður að orði. Þyki þér þá orðtök sveinsins undarleg og ískyggileg, skaltu strýkja hann vægðarlaust uns eitthvað skipast um.“

Að svo mæltu skildu þær talið og þakkaði móðir sveinsins grannkonu sinni heilræðin og fór heim síðan.

Þegar konan er heim komin, setur hún höldupott lítinn á mitt eldhúsgólf; síðan tekur hún sköft mörg, bindur hvert við enda annars svo að efri endinn tók allt upp í eldhússtrompinn en við hinn neðri batt hún þvöruna og lét hana standa í pottinum. Þegar hún hafði veitt þennan umbúnað í eldhúsinu sótti hún sveininn og lét hann þar einan eftir verða; gekk hún þá úr eldhúsinu og stóð á hleri þar sem hún sá í gegnum dyragættina inn í eldhúsið.

Þegar hún var fyrir litlu burtu gengin sér hún að barnið fer að vappa kringum pottinn og virða hann fyrir sér með þvörunni í og segir síðan:

„Nú em eg svo gamall sem á grönnum má sjá, átján barna faðir í álfheimum, og hef eg þó aldrei séð svo langan gaur í svo lítilli grýtu.“

Fer þá konan aftur inn í eldhúsið með vænan vönd, tekur umskiptinginn og afhýðir hann lengi og vægilega. Æpir hann þá ógurlega.

Þegar konan hefur strýkt sveininn um hríð, sér hún, að ókunnug kona kemur inn í eldhúsið með sveinbarn á handlegg sér, fagurt og frítt; lét hún vel að því og segir við konuna:

„Ójafnt höfumst við að; eg dilla barni þínu en þú berð bóndann minn.“

Að því mæltu setur hún af sér sveininn, son húsfreyju, og verður hann þar eftir en hefur karl sinn burtu með sér og hurfu þau þegar. En sveinninn óx upp hjá móður sinni og varð efnismaður.

*Úr Þjóðsögum Jóns Árnasonar.*